## S I G U R Ð U R   O D D S S O N
### leiðsögumaður.

Harmafregn sú, er hingað barst nýlega um það, að Sigurður Oddsson leiðsögumaður og skipstjóri hafi farist af norsku skipi, er hann var að leiðbeina hafna á milli fyrir Vestfjörðum nú um páskaleytið, mun hafa komið mörgum vandamönnum hans og vinum mjög að óvöru, eigi sízt þeim, er vissu eigi annað en að hann hefði að mestu eða með öllu lagt niður sjóferðir sínar og leiðbeiningar við strandgæzluna.

Sigurður Oddsson skipstjóri var fæddur hinn 24. apríl 1874 að            og því nærri 68 ára að aldri nú er hann lést.

Hann var uppalinn við sjóinn, þar sem sjósóknin var rekin með hinu mesta kappi, en þó með forsjá og stundaði hann sjómennskustörfin jafnan síðan með góðum árangri, dugnaði og snarræði, sem skipstjórnarmaður á opnum skipum frá æskuskeiði, síðan á þilskipum og loks sem leiðsögumaður ( Lods) á varðskipunum dönsku hér við land og víðar. Gat hann sér þar, sem hvarvetna annarsstaðar hins besta orðstý fyrir framúrskarandi snilli, snyrtimennsku og reglusemi og jafnframt aðgætni og hóflegt áræði, sem þeim mönnum einum er lagið, er best kunna skil á öllu því er þeir takast á hendur og finna til ábyrgðar þeirrar er á þeim hvílir. Þetta fundu og sáu hinir mörgu og megingóðu yfirmenn varðskipanna dönsku er völdu hann sem leiðtoga sinn um hinar hættulegu leiðir við strendur landsins, enda höfðu þeir hinar mestu mætur á Sigurði Oddssyni og óskuðu þess jafnan, að mega verða mannkosta hans og miklu hæfileika sem lengst aðnjótandi og leiðbeininga í hinu vandasama starfi þeirra og þá voru

8.

þeir eigi síður farmennirnir og liðþjálfarnir á skipum þessum, aðdáendur hans, er ávalt fundu þar sem hann var, einn hinn besta vin sinn, tryggasta félaga og förunaut, þótt af öðru bergi brotinn væri en þeir.

Eftir að hin dönsku skip létu af strandgæslunni hér við land, tók Sigurður að gefa sig við bókbandsiðn sinni, er hann hafði áður stundað í hjáverkum sínum og numið af sjálfum sér. Þar var einnig snillibragurinn á öllu og snyrtilegur frágangur og bókband hans hið prýðilegasta, enda var það eðli hans og innræti að leysa öll sín störf af hendi svo, að allir þeirra er nutu, væri ánægðir með þau. Hann vildi jafnan reynast heill og óskiftur, að hverju sem hann gekk, trúr í stöðu sinni og vandaður til orða og verka.

Sigurður Oddsson var valmenni, greindur vel og gætinn, fróður um margt og fús til að miðla öðrum af efnum sínum, reynslu sinni og þekkingu. Lund hans var létt og látlaus umgengni hans við alla, æðri semxxx lægri. Konu sinni, Herdísi Jónsdóttur frá Bíldsfelli kvæntist Sigurður og eignuðust þau 8 börn, öll hin mannvænlegustu og nú af bernskuskeiði. Heimili þeirra var friðsælt mjög og til fyrirmyndar að dugnaði og reglusemi, uppeldi barnanna og í vali tengdabarna og annara vina, þar var engin lausung á né ljóður.

Með Sigurði Oddssyni er því í valinn fallinn einn hinn ágætasti borgari bæjarfélags vors, trygglyndasti vinur og trúverðugasti félagi, sem í engu mátti vamm sitt vita heldur vildi öllum vera til góðs og var það, hvar sem hann náði til, með hánum góðu hæfileikum sínum og miklu mannkostum, er allir dáðu og vildu óska sér, að þeir hefðu í eins ríkum mæli sem hann.

Nú er hann horfinn oss, og þótt margt skipist nú með sviplegum hætti og óvenjulegum um þessar mundir, eins og atburður sá er þess varð valdandi að Sigurður Oddsson hvarf oss héðan svo óvænt og sviplega, þá mun minningin um hann,

þennan megingóða og mæta mann lengi lifa meðal allra þeirra mörgu manna, er honum kyntust á hinni björtu og blessunarríku lífsleið hans.

Blessuð sé minningin um hann.

Reykjavík, 15. apríl 1942
Jón Pálsson

8.

# Sigurður Oddsson

Harmafregn sú, er hingað barst nýlega um það, að Sigurður Oddsson leiðsögumaður og skipstjóri hefði farizt af norsku skipi, er hann var að leiðbeina hafna á milli fyrir Vestfjörðum nú um páskaleytið, mun hafa komið mörgum vandamönnum hans og vinum mjög að óvörum, eigi sizt þeim, er vissu eigi annað, en að hann hefði að mestu eða með öllu lagt niður sjóferðir sínar og leiðbeiningar við strandgæzluna.

Sigurður Oddsson skipstjóri var fæddur hinn 24. apríl 1874 að Pétursey í Mýrdal og því nærri 68 ára að aldri nú, er hann lézt.

Hann var uppalinn við sjóinn, þar sem sjósóknin var rekin með hinu mesta kappi, en þó með forsjá, og stundaði hann sjómennskustörfin jafnan síðan með góðum árangri, dugnaði og snarræði, sem skipstjórnarmaður á opnum skipum frá æskuskeiði, síðan á þilskipum og loks sem leiðsögumaður (Lods) á varðskipunum dönsku hér við land og víðar. Gat hann sér þar, sem hvarvetna annarsstaðar hinn bezta orðstír fyrir framúrskarandi snilli, snyrtimennsku og reglusemi og jafnframt aðgætni og hóflegt áræði, sem þeim mönnum einum er lagið, er bezt kunna skil á öllu því er þeir takast á hendur og finna til ábyrgðar þeirrar er á þeim hvílir. Þetta fundu og sáu yfirmenn varðskipanna dönsku, er völdu hann sem leiðtoga sinn um hinar hættulegu leiðir við strendur landsins, enda höfðu þeir hinar mestu mætur á Sigurði.

Eftir að hin dönsku skip létu af strandgæzlunni hér við land, tók Sigurður að gefa sig við bókbandsiðn sinni, er hann hafði áður stundað í hjáverkum sínum og numið af sjálfum sér. Þar var einnig snillibragurinn á öllu og snyrtilegur frágangur og bókband hans hið prýðilegasta, enda var það eðli hans og innræti að leysa öll sín störf af hendi svo, að allir þeir, er nutu, væri ánægðir með þau. Hann vildi jafnan reynast heill og óskiptur, að hverju sem hann gekk, trúr í stöðu sinni og vandaður til orða og verka.

Sigurður Oddsson var valmenni, greindur vel og gætinn, fróður um margt og fús til að miðla öðrum af efnum sínum, reynslu sinni og þekkingu. Lund hans var létt og látlaus umgengni hans við alla, æðri sem lægri. Konu sinni, Herdísi Jónsdóttur frá Bíldsfelli kvæntist Sigurður 10. okt. 1908 og eignuðust þau 8 börn, öll hin mannvænlegustu og nú af bernskuskeiði. Heimili þeirra var friðsælt mjög og til fyrirmyndar að dugnaði og reglusemi, uppeldi barnanna og í vali tengdabarna og annara vina; þar var engin lausung á né ljóður.

Með Sigurði Oddssyni er því í valinn fallinn einn hinn ágætasti borgari bæjarfélags vors, trygglyndasti vinur og trúverðugasti félagi, sem í engu mátti vamm sitt vita, heldur vildi öllum vera til góðs og var það, hvar sem hann náði til, með hinum góðu hæfileikum sínum og miklu mannkostum, er allir dáðu og vildu óska sér, að þeir hefðu í eins ríkum mæli sem hann.

Nú er hann horfinn oss, og þótt margt skipist nú með sviplegum hætti og óvenjulegum um þessar mundir, eins og atburður sá er þess varð valdandi, að Sigurður Oddsson hvarf oss héðan svo óvænt og sviplega, þá mun minningin um hann, þennan megingóða og mæta mann lengi lifa meðal allra þeirra mörgu manna, er honum kyntust á hinni björtu og blessunarríku lífsleið hans.

Blessuð sé minningin um hann.

**Reykjavík, 15. apríl 1942.**
**Jón Pálsson.**

Sigurður Oddsson leiðsögumaður varðskipanna dönsku ólst upp suður á ~~Höfnum~~ miðnesi og stundaði þar sjó á opnum bátum.

Einhverju sinni er Sigurður var á sjó, unglingur að aldri, og á opnum báti, lágu þeir fyrir fótum í færafiski og beittu rægsnum. Sér hann þá fuglamergð nokkra nálægt bátinum og eti það er í kringum hann var og venjulegt er, þar sem menn eru í færafiski. Kemur honum þá í hug sá ungæðingslegi strákskapur, að nú skyldi hann gefa súlunum einni eða fleiri nógilega stóran bita til að bíta við; hann afhöfðar því stærsta rauðmagann sem í bátnum var og fleygir hausnum ~~hausnum~~ út til súlunnar. Líður þá eigi á löngu, að súla ein grípur hausinn í hálfu kafi og gleypir hann, en kemur honum þó eigi lengra en niður fyrir kokið eða vel það; þar situr hausinn fastur, og lætur nú fuglinn öllum illum látum við að koma hausnum annaðhvort niður í maga eða upp úr hálsinum. Fuglinn ýlfrar, veinar og skrækir, lemur fótum og vængjum á báða bóga til þess að reyna að losa hausinn úr hálsi sér, en allt reyndist árangurslaust. —

Sigurður segir, að sjaldan hafi sér liðið ver á æfinni en þá, er fuglinn var að berjast upp á líf og dauða við að losast við þennan vágest sem Sigurður hafði valið honum og hét hann því nú fyrir sig, að þvílíka skissu skyldi hann aldrei láta sig henda, að hrekkja þannig nokkurt hungrað dýr aftur, jafnvel þótt þetta væri í fyrstu aðeins í athugaleysi gert en ekki af illvilja. —

Sigurður, og þeir sem í bátnum voru með honum voru komnir í fremst með að létta og róa til fuglsins og reyna að bjarga honum, því þeir fundu allir mjög sárt til þess að sjá og heyra hversu aumkunarlega dýrið bar sig, en þá vildi svo til, að svartbakur einn (veiðibjalla) bar þar að, sem súlan er að brjótast um. Svartbakurinn sveimar stundarkorn yfir súlunni og sest síðan rétt hjá henni með ógurlega gargi, unz hann syndir að hinum nauðstadda náunga sínum — St Þetta skyldi þó ekki vera „bakvörðurinn", sögðu þá bátsmenn sín á milli og spurðu sem hjálpar. — Og rekur nú svartbakurinn nef sitt upp í gin súlunnar, svo langt sem auðið var, nær í hausinn og þá byrjaði togstreitan milli þeirra: Þeir spyrntu báðir fótum við og vængjum, toguðust lengi á unz svartbakurinn kom að lokum með hausinn upp úr hálsi súlunnar.

Það þóttust bátsverjar sjá af viðureign þessara fugla, ~~um~~ að og svartbakurinn kom að lokum með hausinn ... það þóttust bátsverjar sjá af viðureign þessara fugla, að svartbakurinn hefði ~~[illegible]~~ verið hér aðeins um hjálpsemi að ræða við þennan í hálfu ~~[illegible]~~ var hér aðeins um hjálpsemi að ræða við þennan nauðstadda náunga sinn, en ekki hitt, að hann vildi nota sér neyð hans sjálfum sér til hagsbóta með því að ná í hausinn og éta hann,

því hvorugur þeirra, svartbakurinn eða súlan hafði hann, nein not, því ~~hann~~ honum sökk jafnfljótt sem hann losnaði úr hálsi súlunnar.

Að björgunarstarfinu loknu sýndu fuglarnir síðan nokkra stund á björgunarstaðnum og notaði nú Eyvindur og félagar hans tækifærið með því að gefa þeim nóg af rauðmagalifur og slóginu í sárabætur.